

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Reykjavíkur 18. sept. 1948.

Vitnið Gunnar Jóhannes Cortes læknir hefur borið það hér í lögregluréttinum, að það hafi sem læknir hér í bæ fengið vitneskju um, að fósturstúlku einnar hér í bæ hafi á ólögmetan hátt verið eytt á síðastliðnum vetri, og viti vitnið nafn hennar, en það telji sig þagnarskylt um það efni samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Rétturinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til atriðis þess, sem hér liggur fyrir til rannsóknar, sem er uppljóstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa, hver nefnd kona sé.

Því úrskurðast:

Vitninu Gunnari Jóhannesi Cortes lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Miðvikudaginn 22. marz 1950.

Nr. 109/1948. **Axel Magnússon** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Steindóri Einarssyni (Theódór B. Líndal).

Fébætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1948, gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 30834.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur bifreiðarstjóri sá, sem ók bifreiðinni R 1477 í umrætt skipti, komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Kveðst hann hyggja, að bifreiðin hafi ekki verið farin af stað, er áfrýjandi varð fyrir slysinu, án þess þó að fullyrða um það, og muni vindurinn hafa skellt hurðinni aftur. Þrátt fyrir þetta verður ekki talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gengið úr skugga um, að afturdyrnar væru lokaðar, áður en hann ók af stað. Ber stefndi því bótaábyrgð á slysinu samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 35. gr. sömu laga.

Áfrýjandi seildist með vinstri hendi til hurðarinnar í því skyni að loka henni, en hægri hendi hélt hann þannig, að þumalfingur hans varð milli hurðarinnar hjara megin og dyraumbúnaðarins, er hún skelltist aftur. Var það mikil ógætni af áfrýjanda að halda fingrunum þannig, og þykir rétt, að hann beri helming tjónsins af þessum sökum.

Kemur þá til álita fjárhæð skaðabótakröfunnar, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

Um 1. kröfulið, kr. 45.00 fyrir læknisvottorð, er enginn ágreiningur.

2. kröfulið, kr. 240.00 fyrir sjúkrahúsvist, þykir rétt að taka til greina að fullu, þar sem um nauðsynlegan kostnað var að ræða.

3. kröfuliður, vinnutjón.

Samkvæmt vottorði læknis var áfrýjandi óvinnufær 2 mánuði eftir slysið. Sjálfur kveðst hann hafa verið lengur frá vinnu af völdum slyssins, en eigi hefur hann flutt fram nein gögn fyrir því. Þykir vinnutjón hans þenna tíma hæfilega metið kr. 3500.00.

4. kröfuliður. Örorkubætur.

Samkvæmt vottorði tryggingarlæknis er varanleg örorka áfrýjanda, að liðnum 2 mánuðum, 10%. Hann var 28 ára að aldri, þegar slysið varð. Þegar litið er til þess, hversu mikinn бага áfrýjandi hlýtur að hafa af missi fremri kögguls á þumalfingri hægri handar, þykir örorkutjón hans hæfilega metið kr. 15000.00.

5. kröfuliður. Þjáningabætur og lýta.

Bætur þessar þykja hæfilega ákveðnar kr. 3000.00.

Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda helming ofangreindra fjárhæða, eða samtals kr. 10892.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 1500 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði áfrýjanda, Axel Magnússyni, kr. 10892.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. september 1947 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 26. f. m., hefur Axel Magnússon, Eiríkgötu 27, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. september 1947 gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, Sólvallagötu 68, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 33085.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafist sýknu, en *til vara* lækunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. janúar 1947 var stefnandi farþegi í áætlunarbifreiðinni R. 1477, eign stefnda, er henni var ekið frá Keflavík til Reykjavíkur. Þröng var í bifreiðinni, og þurfti stefnandi, sem sat við afturdyr bifreiðarinnar, að fara út úr henni í Hafnarfirði, þar eð nokkrir farþegar fóru út þar. Er hann fór inn í bifreiðina aftur, kveður hann henni hafa verið ekið af stað, áður en hann lokaði hurðinni. Skall hurðin aftur, en stefnandi varð á milli með þumalfingur hægri handar, og tók af fremsta köggulinn.

Telur stefnandi, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni því, er hann varð fyrir vegna slyss þessa, samkvæmt ákvæðum bifreiðalaganna. Hann hafi, eins og fyrr segir, þurft vegna aðstæðna í bifreiðinni að fara út úr henni, og hafi bifreiðarstjórinn ekki sýnt þá aðgæzlu, sem honum bar, með því að aka af stað, áður en hann hafði gengið úr skugga um, hvort búið væri að loka hurðinni.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Greitt fyrir læknisvottorð	kr.	45.00
2. Greitt fyrir spítalalegu	—	240.00
3. Vinnutjón	—	7800.00
4. Örorka	—	20000.00
5. Þjáningar	—	5000.00

Samtals kr. 33085.00

Í sambandi við 3. lið bótakröfunnar eru aðiljar sammála um, að til grundvallar útreikningi vinnutjónsins sé dagvinnu kauptaxti „Verkamannafélagsins Dagsbrúnar“ lagður.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að bifreiðin hafi staðið kyrr, er slysið varð, og komi því sérreglur bifreiðalaganna ekki til greina. Telur hann, að allhvasst hafi verið þenna dag og muni vindhviða hafa skellt hurðinni aftur. Verði orsakir slyssins því ekki raktar til bifreiðarstjórans, enda hafi hann sýnt fulla aðgæzlu og varfærni.

Í sambandi við slys þetta var bifreiðarstjóri bifreiðarinnar yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík. Þar skýrði hann svo frá, að hann héldi, að hann hafi ekki verið farinn að aka af stað, er hurðin skall aftur, en telur sig hins vegar hafa ekið af stað, er hurðin lokaðist. Verður ekki talið gegn andmælum stefnanda, að sannað sé, að bifreiðin hafi verið á hreyfingu, er slysið varð. Verður því eigi byggt á því, að slysið hafi orðið af ástæðum, sem tengdar eru sérstaklega við notkun bifreiðar framfar öðrum farartækjum. Bótareglur 1. sbr. 2. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 eiga því eigi hér við. Ekki verður heldur talið, að aðrar réttarreglur leiði til þess, að bótaábyrgð vegna slyss þessa verði lögð á stefnda, enda er ekki sönnuð vangæzla bifreiðarstjórans né sýnt fram á ófullkominn umbúnað bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Axels Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.